

Starfsleyfi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI, GISTISKÁLA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir gististaði þar sem boðið er upp á svefnpokagistingu í herbergjum, svefnskálum eða svefnhúsum.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Fullnægjandi snyrting og baðaðstaða skal vera á staðnum. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en 10 viðskiptavinir um baðaðstöðu með búning sklefa.
- 2.5 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.6 Í gistiskálum skulu vera rúm eða svefnþýnur með veri sem hægt er að þrifa.
- 2.7 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.
- 2.8 Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð settri samkvæmt þeim.

3 Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifa fyrir nýja viðskiptavini. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.

- 3.2 Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.3 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar í gistiskálum.

4 Matvæli

- 4.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim
- 4.2 Þar sem boðið er upp á eldunaraðstöðu skal vera eldavél, ísskápur uppþvottavaskur og fullnægjandi borðbúnaður. Þá skal huga sérstaklega að loftræstingu og öryggisþáttum við eldavél.

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur(ISAT):

- 5520040 Farfuglaheimili
- 5520060 Önnur gistiaðstaða
- 5520020 Gisting í gestaíbúðum og smáhýsum
- 5520030 Gisting í bústöðum og kofum án þjónustu

Reykjavík 22. 06. 2010



Kristín L. Árnadóttir